

8. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 3. júní 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Gunnar Sigurðsson, fjölmiðlafulltrúi, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð 7. fundar frá 20. maí sl. borin upp og samþykkt.

2. Mótagjöld

Rætt var um skiptingu mótagjalda milli FSÍ og félaga (mótshaldara). Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að senda nokkrar útfærslur á skiptingu mótagjalda til formanna félaga og óska eftir sjónarmiðum þeirra og áherslum. Svör formanna óskast fyrir næsta stjórnarfund þann 24. júní nk.

3. Formannafundinn nk. haust.

Ákveðið var að formaðurfundinn 2010 verði haldinn laugardaginn 4. september nk. Miðað er við að fundur hefjist um hádegisbil. Fundarstaður verður auglýstur síðar. Til fundarins eru boðaðir formenn og framkvæmdastjórar/yfirþjálfara félaga.

Á dagskrá fundarins verður m.a: Kynnt vinna við afreksstefnu og stefnumótun FSÍ og umræður um drög að stefnu, reglur um framkomu keppenda á mótum, ásýnd mót og framkomu starfsmanna og skiptingu mótagjalda.

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar og undirbúa fundinn að öðru leyti.

4. Fjáröflun fyrir FSÍ

FSÍ þarf að tryggja sér nýja stuðningsaðila. Rætt var um mögulegar fjáraflanir. Framkvæmdastjóra falið að fá til liðs við stjórn hóp sérfróðra manna.

5. Vinna við undirbúning afreksstefnu FSÍ.

Þorgerður og Birna gera grein fyrir vinnu síðustu vikur við undirbúning að gerð afreksstefnu FSÍ.

6. Þakkir til félaga

Stjórn FSÍ þakka félögum fyrir boð á vorsýgnar.

7. Til kynningar

a. Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar drög að mótaskrá vegna innlendra móta 2010 – 2011 og mótaskrá erlendra móta og hátíða 2010 – 2012. Drögin hafa verið kynnt félögunum.

b. Borist hafa fundargerðir frá tækninefnd karla í áhaldafimleikum (janúar, mars og apríl 2010).

c. Borist hefur fararstjóráskýrsla frá Ástu Ísbergs vegna Evrópumóts kvenna í áhaldafimleikum.

d. Í júní verða tvær erlendar heimsóknir í íþróttamiðstöðinni í Laugadal. Þann 10. júní mun forsetafrú Eistlands koma í heimsókn Dagana 14.-16. júní munu fulltrúar EOC og Olympíusamhjalparinnar koma í heimsókn

e. Móta- og keppnisreglur hafa verið sendar til tækninefndar í áhaldafimleikum karla og kvenna og tækninefndar í hópfimleiku.

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum

Ragnheiður Thorlacius, ritar fundargerð.